

Hamingjan og heimspekin

Stóuspeki í samtímanum

Frá miðri síðustu öld hefur dyggðasiðfræði orðið ein þriggja meginkenninga síðfræðinnar, ásamt skyldukenningum og leikslökakenningum. Fylgismenn þessarar dyggðasiðfræði leita mjög til síðfræði Aristótelesar. Í raun eru þeir sporgöngumenn hans. Síðustu áratugi hefur þó annars konar dyggðasiðfræði vaknað til lífsins. Hana má einnig rekja til fornaldar, en ekki til Aristótelesar, heldur til stóumanna. Munurinn á kenningunum tveimur var ræddur þegar í fornöld. Að neðan verður rætt um birtingarmynd stóískrar síðfræði í samtímanum og muninn á kenningunum tveimur.

Dyggðasiðfræði samtímans

Á seinni hluta síðustu aldar breyttist sú síðfræði sem var ástunduð við háskóla Vesturlanda, einkum hjá enskumælandi þjóðum, innan þeirrar hefðar sem jafnan er kennd við rökgreiningu. Það mætti segja að leikslökakenningar ýmiss konar og skyldukenningar hafi fyrrum ráðið ríkjum, að svo miklu leyti sem heimspekingar þessarar hefðar létu sér ekki nægja að fást við greiningu tungumálsins til útskýringar á viðfangsefnum sínum, jafnt innan síðfræði sem annarra greina heimspekinnar. Nú bættist við dyggðasiðfræði, þó að síðfræðingar hafi vissulega ávallt fjallað um mikilvægi dyggða, bæði innan skyldu- og leikslökakenninga. Þessi „nýja“ kenning um dyggðir var hins vegar ættuð frá Aristótelesi og nokkuð ólík hinum meginkenningunum tveimur. Hér var lögð áhersla á rannsóknir á sálargáfum og sálarhneigðum, dyggðum og löstum og á sjálfri hamingjunni, sem þá var skilin skilningi Forngríkkja, þ.e. sem farsæld (gr. *evdæmonía*). Meginspurningin var: Hvernig lifir manneskjan lífi sínu best? Einna fyrsti heimspekingurinn til að tefla aristótelískri síðfræði fram gegn (að hennar meiningu) geldum og gagnslausum kenningum samtíma síns var Elizabeth Gertrude Margaret Anscombe. Hún sagði að alla síðfræði skyldi byrja með rannsókn á hugtakinu dyggð, eins og Aristóteles hefði gert.¹ Þekktir heimspekingar sigldu í kjölfarið, einna kunnastir Alasdair MacIntyre og Bernard Williams.² Allir lofuðu þessi heimspekingar aristótelíska síðfræði, hver á sinn

¹ Grein hennar, „Modern Moral Philosophy“, birtist fyrst í *Philosophy* 33/1958, bls. 1–19. Benedikt Ingólfsson þýddi hana á íslensku: „Síðfræði nútímans“, *Heimspeki á tuttugustu öld: Safn merkra ritgerða úr heimspeki aldarinnar*, ritstj. Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson, Reykjavík: Mál og menning, 1994, bls. 183–203.

² Sjá Alasdair MacIntyre, *After Virtue: A Study in Moral Theory*, Notre Dame: University of Notre Dame Press, 1981 [3. útg. 2007]; og Bernard Williams, *Ethics and the Limits of Philosophy*, Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 1985.

hátt. Síðan hefur aristótelískri dyggðasiðfræði vaxið fiskur um hrygg innan akademískrar siðfræði og er löngu orðin þriðja meginstoðin. Jafnframt fengu rannsóknir sérfræðinga í fornaldarheimspeki á siðfræði fornaldar, ekki síst á siðfræði Aristótelesar, byr undir báða vængi. Þessi uppgangur dyggðasiðfræði hefur einnig breytt mati siðfræðinga á stöðu dyggða innan hinna tveggja megin-kenninganna.

Þessi orð eiga að lýsa stöðunni innan akademískrar siðfræði. Innan þeirrar siðfræði vaknaði vissulega forvitni um siðfræði annarra fornaldarheimspekinga sem allir með einum eða öðrum hætti gerðu dyggð að hryggjarstykki siðfræði sinnar. En þessi áhugi einskorðaðist nánast við sérfræðinga í fornaldarheimspeki.³ Málin hafa þróast svo að annarri fornaldarsíðfræði en dyggðasiðfræði Aristótelesar, svo sem platonskri, hefur lítt verið flíkað sem sannfærandi kosti, þó að margt sé þar samhljóma aristótelískri siðfræði. Svipuðu máli gegnir um þá siðfræði sem tilheyrði heimspekingum helleníska tímans, epikúringum og stóumönnum, þó að hugmyndir þeirra hafi vissulega haft áhrif á sögu siðfræðinnar, bæði á leikslokakenningar og skyldukenningar.⁴ Frá miðri síðustu öld hefur dyggðasiðfræði fyrst og fremst verið aristótelísk siðfræði.

Stóuspeki samtímans

Eigi að síður hefur önnur siðfræði fornaldar öðlast nokkra hylli innan samtímans, þótt ekki verði hennar vart að ráði innan akademískrar siðfræði. Þetta er stóísk siðfræði. Sögulegur bakgrunnur þessarar hylli virðist vera eftirfarandi. Á síðari hluta tuttugustu aldar beindust sjónir að ákveðnu meintu einkenni hellenískrar heimspeki, sem er ekki eins áberandi hjá Aristótesesi. Það er að hellenísk heimspeki var ekki einangruð frá lífinu, heldur var hún það sem kalla mætti lífsmáti. Franski heimspekingurinn Pierre Hadot vann mikið með þessa hugmynd og sérstaklega þá tilgátu að fornaldarheimspekingar hefðu ástundað það sem hann kallaði andlegar æfingar til að ná tókum á sálarlífi sínu.⁵ Hvað sem um þá tilgátu má segja er óumdeilt að hellenísk heimspeki hafði að geyma vídd sem er horfin. Víddin er þessi: Vissulega álitu þessir heimspekingar heimpekina vera leit að sannleika, en jafnframt litu þeir á heimpekina sem eins

³ Það hefur vitanlega gerst að sérfræðiskrif fornaldarheimspekinga hafi haft áhrif utan sérfræðihópsins, einkum þegar þeim er beint til almennra lesenda. Skýrasta dæmið er kannski að finna í tveimur bókum Mörthu Nussbaum, *The Fragility of Goodness* (1986) og *The Therapy of Desire* (1994). Nussbaum er höll undir aristótelíska siðfræði, þótt hún saki sitthvað bitastætt til annarra skóla.

⁴ Um áhrif stóuspekinnar, sjá John Sellars (ritstj.), *Routledge Handbook of the Stoic Tradition*, Lundúnum: Routledge, 2016. Um epikúringa, sjá Philip Mitsis (ritstj.), *Oxford Handbook of Epicurus and Epicureanism*, Oxford: Oxford University Press, 2020. Þess má geta að hellenísku skólarnir tengjast heimspekilegum böndum bæði skyldu- og leikslokakenningum, ólíkt Aristótesesi. Stóumenn átta sinn þátt í tilkomu skylduhugtaksins: sjá Jack Visnjis, *The Invention of Duty: Stoicism as Deontology*, Leiden: Brill, 2021. Epikúros setti mark sitt á nytjahyggi: sjá A.A. Long, „Epicureanism and Utilitarianism“, ritstj. Philip Mitsis, *Oxford Handbook of Epicurus and Epicureanism*, bls. 742–759.

⁵ Þessar hugmyndir Hadots má einkum finna í tveimur verkum: Pierre Hadot, *Philosophy as a Way of Life: Spiritual Exercises from Socrates to Foucault*, Oxford: Blackwell, 1995; og Pierre Hadot, *What is Ancient Philosophy?* Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 2004. Sjá einnig á íslensku: „Heimspeki sem lífsmáti“, *Hugur* 16/2004, bls. 110–119 (þýð. Egill Arnarson). Hugmyndir og ályktanir Hadots hafa verið gagnrýndar; sjá einkum John M. Cooper, *Pursuits of Wisdom: Six Ways of Life in Ancient Philosophy from Socrates to Plotinus*, Princeton: Princeton University Press, 2012. Cooper er hins vegar sammála Hadot um að fornaldarheimspeki hafi verið lífsmáti, þótt hann nálgist efnið á annan hátt þar sem heimspeki sem leit að sannleika skiptir mestu máli (bls. 11–16).

konar meðferð við sálarkvillum. Heimspekingar væru því hliðstæðir læknum, nema hvað veikindin hrjáðu sálina frekar en kroppinn. Sálurvílið ætti rætur sínar að rekja til ósannra og svo háskalegra hugmynda um heiminn, fólk og atburði, að manneskjan yrði vesæl og henni fyrirmunað að nálgast farsældina; þessa vesæld mætti uppræta með þekkingu (og kannski æfingum) og þannig skapa hugarró. Til dæmis eyddu epikúringar ómældu púðri í þá hugmynd að óttinn við dauðann væri beinlínis háskalegur og stefndi sálarheill okkar í voða, gerði okkur vansæl, en engin ástæða væri til að óttast dauðann, eins og Epikúros útskýrði.⁶ Í stuttu máli mátti finna hjá hellenískum heimspekingum leiðina að farsæld, þar sem sálarró, fjarvera hugarvíls, væri eitt af einkennum hins farsæla. Epikúros áleit hugarró hina ædstu ánægju, sem væri markmið lífsins. Hjá stóumönnum var hún ekki markmið í sjálfu sér, heldur afurð og fylgifiskur farsældarinnar. Stóumenn þóttust því einnig uppræta sálarvél mannanna, styrkja þá og efla í dagsins önn. Jafnvel pyrrhonskir efahyggjumenn stefndu að sálarró.⁷ Nú bregður svo við undir síðustu aldamót, og kannski nokkru fyrr, að ýmsir, bæði lærðir og leikir, fóru að horfa til siðfræði stóuspekinnar sem aðferðar sem gerði fólki kleift að ná tökum á eigin sálarlífi, öðlast einhvers konar hugarró, hvort heldur við venjulegar aðstæður eða sérstaklega erfiðar.

Þessi áhugi á stóískri heimspeki sem eins konar meðferð (sem við gætum kallað meðferðarspeki) hefur stöðugt aukist á síðustu áratugum. Meiri áhersla hefur verið lögð á rannsóknir á stóuspeki fornaldar en áður; vitneskjan hefur því aukist og dýpkað. Þessi aukna þekking, ásamt fræðilegum áhuga, hefur reyndar leitt til þess að stóísk siðfræði hefur verið framreidd sem akademískur valkostur í samtímanum. Það er þó aðeins eitt verk sem kom þessari nýju stóuspeki á kortið sem raunverulegum (en ónýttum) möguleika innan akademískrar siðfræði, *A New Stoicism* eftir Lawrence Becker.⁸ Þetta er dyggðasiðfræði þar sem ýmsum mikilvægum atriðum aristótelískrar siðfræði er hafnað. Því er til dæmis hafnað að farsæld krefjist ekki einungis dyggðar heldur þurfi einnig ytri gæði.⁹ Gera þarf skilyrði farsældar eins óháð ytri hendingum — atburðum, aðstæðum, umhverfi, gæðum — og kostur er, helst *alveg* óháð; skilyrði farsældar sé *adeins* að finna hjá manneskjunni sjálfri.

Hjá stóumönnum nútímans, að fráskildum Becker sem leggur alla áherslu á mikilvægi dyggðarinnar (eins og dyggðasiðfræðingi sæmir), virðist þó meginmarkmiðið vera farsæld sem hugarró, sem sé eftirsóknarverð í sjálfri sér og

⁶ Þessi helleníska hugmynd um heimspeki sem meðferð er vel þekkt og viðurkennd; hún er viðfangsefni í þekktri bók Mörthu Nussbaum, *The Therapy of Desire: Theory and Practice in Hellenistic Ethics*, Princeton: Princeton University Press, 1994.

⁷ Hugmynd fornaldarheimspekinga um hugarró (gr. *ataraxía*) er vel skýrð af Giselu Striker, „Ataraxia: Happiness as Tranquillity“, *Essays on Hellenistic Epistemology and Ethics*, Cambridge: Cambridge University Press, 1996, bls. 183–195.

⁸ Lawrence Becker, *A New Stoicism*, Princeton: Princeton University Press, 1998 [2. útg. 2017]. Höfundurinn var akademískur siðfræðingur og stjórn málaheimspekingur. Bókinni er beint bæði til lærðra og leikra og hefur reynt grundvallarrit innan þeirrar hreyfingar sem kallast nútímastóuspeki.

⁹ Einn mikilvægasti heimildamaður okkar um stóíska siðfræði fornaldar, Cíceró, áleit þennan mun á siðfræði skólanna tveggja vera megindeiluefni allrar siðfræði, enda afhjúpaði hún grundvallarmun á sýn þeirra; sjá verk hans *Um endimörk góðs og ílls*, bækur 3–5. Þar er mikilvægi ytri gæða fyrir farsældina meginatriði. Nú hefur annar heimspekingur gert þessa deilu stóumanna og aristótelista að viðfangsefni innan siðfræði samtímans; sjá Daniel C. Russell, *Happiness for Humans*, Oxford: Oxford University Press, 2012, kannski einkum til að sýna að dyggðasiðfræði Aristótelesar sé eðlilegur kostur fyrir samtímamann, en dyggðasiðfræði stóumanna síður.

stóuspeki sem meðferð geti tryggt.¹⁰ Þessi nútímastóuspeki er frábrugðin þeirri stóuspeki sem finna má innan annarra skeiða heimspekisögunnar, þar sem forn stóuspeki hafði mikil og margþætt áhrif, svo sem á hugmyndafræði og stjórnmál Rómaveldis, kristnina, endurreisnina og þá heimspeki nýaldar sem enn hefur bein áhrif. Vegna markmiðs síns virðist hún vera að einhverju leyti annars eðlis; tilgangurinn sjálfur virðist vera að finna sátt og sálarró, losna undan því margvíslega álagi og oki sem sagt er einkenna samtímans, og þess vegna styrkja sjálfíð. Þótt ýmsir innviðir stóískrar siðfræði heilli (en að þeim víkjum við að neðan) er það einkum í krafti þessa markmiðs, sýnist mér, sem nútímastóuspeki hefur náð töluverðri hylli.

Við getum kennt meðferðarspeki af þessu tagi við sjálfshjálparspeki. Með þessu orði er ekki ætlunin að gera lítið úr fyrirbærinu. Stóuspekin er notuð til að útskýra hvernig einstaklingar geti öðlast vald yfir lífi sínu og fundið sálarró og einhvers konar hamingju, þ.e. lifað lífi sínu eins vel og kostur er í veruleika samtímans. Titlar tveggja nýlegra rita um efnið sýna þetta: *How to be a Stoic: Ancient Wisdom for Modern Living* eftir (heimspekinginn) Massimo Pigliucci og *Lessons in Stoicism: What Ancient Philosophers Teach Us about How to Live* eftir (fornaldarsérfræðinginn) John Sellars.¹¹ Báðir höfundar telja að stóuspekin geti hjálpað okkur að lifa góðu lífi.

Það er athyglisvert hvernig Pigliucci kynnir nútímastóuspeki til leiks. Hann lítur á hana sem einn möguleika af mörgum um lífsmáta sem standi fólki til boða, ásamt til dæmis búddisma. Maður velur það sem stendur manni næst og hæfir því lífi sem maður vill lifa.¹² Þetta er athyglisverð nálgun að tvennu leyti. Annað er að hér gæti virst sem krafan um stóíska heimspeki sem leit að sannleika færi fyrir lítið. Hvað gerist, gæti maður spurt, ef maður er ekki sammála stóuspekinni sem heimspekikerfi, en stóísk siðfræði er hluti þessa kerfis? Fæstir eru sammála öllum þáttum stóuspekinnar fornu, svo sem markhyggju hennar, náttúrufræði og heimsfræði. Örlagahyggjan stendur í mörgum. Að öðru má dást, svo sem rökfræðinni. En sem heildstætt kerfi (sem þó tók vissulega einhverjum breytingum) er hin forna stóuspeki væntanlega úrelt, enda hafna stóumenn nútímans fjölmörgum þáttum þessa kerfis. Og enn mætti spyrja: Hvað er gert með innviði fornrar stóískrar siðfræði, þótt öðrum þáttum stóuspekinnar sé alfarið sleppt? Að þessum vanda vík ég að neðan. Hitt er ekki síður mikilvægt. Þá er sagt að maður velji það sem höfði til manns, enda standi manni ýmiss konar stefnur til boða. Þessi hugsun virðist eiga upptök sín hjá Hadot, sem kallaði þetta val tilvistarval.¹³

¹⁰ Sjálfur sniðgengur Becker tvo forna stóumenn, Epiktetos og Markús Árelíus, vegna þess hve þeir horfa til stóískra hugmynda um guð og geri of mikið úr heimspeki sem meðferð, á kostnað dyggðasiðfræðinnar sjálfar. Þetta er þveröfugt við það sem flestir þeir gera sem aðhyllast stóuspeki samtímans; þeir horfa á stóuspeki fyrst og fremst sem „meðferðarheimspeki“, og horfa einmitt mjög til þessara tveggja fornu heimspekinga sem Becker virðir að vettugi.

¹¹ Sjá: Massimo Pigliucci, *How to be a Stoic: Ancient Wisdom for Modern Living*, Lundúnum: Rider, 2017; John Sellars, *Lessons in Stoicism: What Ancient Philosophers Teach Us about How to Live*, Lundúnum: Allen Lane, 2019.

¹² Sjá Pigliucci, *How to be a Stoic*, bls. 3–8. Þó ber að geta þess að Pigliucci hafnar ekki heimspeki stóumanna sem leit að sannleika; reyndar finnst honum sem setta megi stóuspekina og náttúruvísindi samtímans.

¹³ Sjá Pierre Hadot, *Ancient Philosophy*, bls. 102–103 og víðar. Þetta er einna helsti ásteytingarsteinn hans og Coopers, sem hafnar þessari hugmynd alfarið. Sjá Cooper, *Pursuit*, bls. 18–20.

Stóísk siðfræði samtímans er því oft meðferðar- og sjálfshjálparspeki, leiðsögn um hvernig megi finna hamingju eftir forskrift stóískrar siðfræði. Titlar á bókum Pigliuccis og Sellars sýna þetta, sem fyrr segir, en tvær aðrar vinsælar bækur gera það enn betur: *A Guide to the Good Life: The Ancient Art of Stoic Joy* eftir William Irwine og *Stoicism and the Art of Happiness* eftir Donald Robertson.¹⁴ Þessi stóúspeki er útbreidd í netheiminum, ekki síst í viðamiklu verkefni sem kallast „Modern Stoicism“.¹⁵

Þessar bækur allar og ýmsar vefsíður bjóða fólki leiðir til betra lífs með útskýringum á grundvallaratriðum stóískrar siðfræði og iðulega með æfingum. Til dæmis er þar oft kennt að við ættum að viðurkenna að við höfum ekki vald yfir mörgu og jafnvel fæstu (ef nokkru) sem hendir okkur í lífinu. Hugurvíl okkar, og nánast allt tilfinningalíf, sé einungis afleiðing af dómum okkar um heiminn, sem séu iðulega rangir. Okkur beri að setta okkur við það sem við höfum ekki vald yfir. Við þessi grundvallaratriði bætast önnur viðhorf hinnar fornu stóúspeki, t.d. að manneskjan sé ekki eyland heldur aðeins hverfull hluti heimsins.

Þó að markmiðið sé að ná tökum á eigin lífi og öðlast hugarró væri ósann- gjarnt að halda því fram að stóúspeki nútímans virði dyggðirnar að vettugi, enda er stóísk siðfræði tilbrigði við forna dyggðasiðfræði. Þess vegna er iðulega lögð áhersla á að leiðin að styrkingu sjálfsins og hugarró sé líferni sem mótist af fjórum höfuðdyggðum fornaldarinnar, visku, hófsemi, réttlæti og hugrekki. Hins vegar er sáralítið glímt við tilurð og innviði þessara dyggða, heldur virðist því slegið föstu að dyggðir séu góðar og leiði til betra lífs. Þetta er ekki endilega veikleiki á stóúspeki nútímans sem meðferðarspeki, heldur til vitnis um áhersluna á styrkingu sjálfsins og hugarró, enda er meðferðarspeki ekki akademísk siðfræði.

Einnig ber að nefna tengsl þessarar stóúspeki við sálfræðimeðferð sem er beitt af meðferðaraðilum á okkar dögum til að vinna bug á ýmsum sálrænum kvillum, eins og þunglyndi, kvíða og ýmiss konar áráttu. Það heitir hugræn atferlismeðferð (e. *cognitive behavioral therapy*). Meðferð af þessu tagi hefur reynst mörgum gagnleg. Þessi farvegur er eldri en hinn, en sækir þó ljóslega innblástur í stóíska siðfræði, enda segir einn höfuðsmiður þessarar meðferðar, Aron Beck, að heimspekilegan uppruna meðferðarinnar sé að finna hjá stóúmönnum.¹⁶

Þá hafa ýmsir höfundar greint frá því hvernig þeir notuðu stóúspeki til að yfirvinna stórkostlega erfiðleika. Einna þekktasta dæmið er James Stockdale,

¹⁴ Sjá William Irwine, *A Guide to the Good Life: The Ancient Art of Stoic Joy*, Oxford: Oxford University Press, 2009; Donald Robertson, *Stoicism and the Art of Happiness*, Lundúnum: Hodder and Stoughton, 2013. Síðari bókin tilheyrir ritröðinni „Teach Yourself“ og er það að hún er gefin út í þessari ritröð góð vísending um að hún tilheyrir sjálfshjálparspeki.

¹⁵ Sjá modernstoicism.com. Vefsíðan inniheldur gríðarmikið safn greina og upplýsinga, en í ritstjórn hennar sitja flestir þeir höfundar innan samtímastóúspeki sem minnst er á í þessari grein. Hér er m.a. að finna vinsæla blogg síðu sem heitir „Stoicism Today“. Önnur vinsæl vefsíða er dailystoic.com. Að henni stendur Ryan Holiday. Hann hefur samið margar sjálfshjálparbækur og virðist slyngur kaupsýslumaður, enda má kaupa ýmsan varning á þessari vefsíðu sem er tengdur stóúspeki á einn eða annan hátt, bækur (eftir hann) og minnisgripi, þ. á m. medalíur með áletrunum á borð við *memento mori* og *amor fati*.

¹⁶ Finna má ítarlega greinargerð fyrir tengslunum á milli stóúspeki og sálfræðimeðferða hjá Donald J. Robertson, „The Stoic Influence on Modern Psychotherapy“, ritstj. John Sellars, *The Routledge Handbook of the Stoic Tradition*, bls. 374–388.

bandarískur hermaður sem lifði af sjö ára vist í fangabúðum í Víetnam og skrifaði um mikilvægi stóuspekinnar í þeirri baráttu.¹⁷ Reyndar virðast vera ljós tengsl á milli stóískrar siðfræði og hermennsku, enda hafa höfundar gert sér mat úr þeim. Nancy Sherman, sem er siðfræðingur, samdi bók sem kallast *Stoic Warriors: The Ancient Philosophy behind the Military Mind*.¹⁸ Þar er fengist við hvernig nýta megi stóíska siðfræði innan hersins til að bæta hermanninn, enda kenndi hún um árabíl námskeið í bandarískum herskóla. Skoðun þessara tveggja höfunda virðist vera sú að stóuspekin geti hentað hermönnum einkar vel í starfi sínu.

Áður var vikið að æfingum í anda stóuspekinnar sem mætti gera til að taka framförum. Þessar æfingar eru af ýmsu tagi.¹⁹ Sem fyrr segir hefur Pierre Hadot fært rök fyrir því að þær megi finna hjá hinum fornu stóumönnum, auk ýmissa annarra stefna innan heimspeki og trúarbragða, þ. á m. kristninnar. Ein tegund af þessum æfingum er hugleiðsla, sem lengi hefur þekkt á Vesturlöndum, en þó aðallega sem hluti indverskrar heimspeki. Svo virðist sem þrenns konar stefnur sameinist um mikilvægi hugleiðslunnar til að ná tókum á tilfinninga-lífinu. Auk nútímastóuspeki má nefna innan samtímans núvitundarstefnu og ekki síst búddisma. Reyndar hefur stóuspekin iðulega verið borin saman við búddisma, enda höfðar hvorttveggja til þeirrar vonar nútímamannsins að losna undan hugarvíli. Þó er það svo að búddisminn er gerólíkur stóuspekinni a.m.k. að einu leyti. Stóuspekin lofar stjórn yfir eigin sálarlífi og því sjálf sem vestræn menning telur vera kjarnann í manneskjunni. Búddisminn hafnar því að þetta sjálf sé til; sjálfíð sé blekking.²⁰ Þessi grundvallarmunur innan frumspeki þessara kenninga virðist þó hafa lítil áhrif á þá sem nota kenningarnar einungis til þess að ná tókum á eigin sálarlífi. Áður var vísað til hugmyndar Hadots um tilvistarval, þar sem val gæti t.d. staðið á milli stóuspeki og búddisma; maður velur þau heilræði sem duga og höfða til manns, burtséð frá frumspekilegum forsendum. Þessi afstaða til stóuspekinnar vekur spurningar sem nú verður vikið að.

¹⁷ Sjá James B. Stockdale, *Thoughts of a Philosophical Fighter Pilot*, Stanford: Hoover Institution Press, 1995. Annað dæmi gæti verið Viktor Frankl, sem skrifaði um afdrif sín í útrýmingarbuðum nasista og tengdi sýn sína stóuspeki; sjá Viktor Frankl, *Leitin að tilgangi lífsins*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996. Reyndar má bæta fyrrnefndum Lawrence Becker við, sem glímdi við margvísleg eftirköst lömunarveiki; sjá Pigliucci, *How to Be a Stoic*, bls. 140–145. Það kann að vera að heimspekilegur áhugi hans á stóuspeki tengist glímu hans við erfiðleika sína.

¹⁸ Sjá Nancy Sherman, *Stoic Warriors: The Ancient Philosophy behind the Military Mind*, Oxford: Oxford University Press, 200).

¹⁹ Þessar æfingar virðast skipa veglegan sess í hreyfingunni „Modern Stoicism“ sem heldur úti samnefndri vefsíðu.

²⁰ Samanburð á hugleiðslu innan stóuspeki og búddisma má finna hjá Sherman, *Stoic Warriors*, bls. 67. Um sýn búddismans, sjá t.d. Paul Harvey, *Introduction to Buddhist Ethics: Foundations, Value and Issues*, Cambridge: Cambridge University Press, 2012. Hugmyndin er í sem stystu máli sú að losna megi undan þeirri þjáningu sem lífið er (og einkennist af skilningsleysi og ófullnægðum löngunum) með þekkingu, réttu líferni og hugleiðslu. Hluti þessa er að skilja að sjálfíð er ekki til og að sú skoðun manneskjunnar að hún hafi sjálfstætt sjálf sé rót þeirra meinsemda sem hrjá hana.

Hversu heilsteypt stóuspeki er stóuspeki nútímans?

Eftir að hafa skýrt stöðu stóuspeki um þessar mundir vildi ég spyrja tvenns til að átta mig á trúverðugleika hennar.²¹ Annars vegar vildi ég spyrja um samband og samræmi nútímastóuspeki og hinnar fornu stóuspeki, ekki aðeins innan siðfræðinnar heldur kenningarinnar allrar. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að innan stóuspekinnar fornu var sérhver þáttur hennar nátengdur öllum öðrum, þannig að hafni maður einum þætti þá er hætt við að aðrir riði til falls; hafni maður sýn þeirra á náttúru heimsins virðist siðfræði þeirra skorta undirstöðu. Reyndar hefur verið gerð tilraun til að aðskilja siðfræði hellenísku skólanna og frumspeki þeirra, gera siðfræðina óháða öðrum þáttum heimspekinnar.²² Þessari tilraun hafa flestir hafnað.²³ Hins vegar vildi ég athuga hversu frábrugðin nútímastóuspeki sem siðfræði er hinni fornu stóísku siðfræði; hvort það þurfi að hafna eða breyta mörgum þáttum hennar til að koma henni fyrir í samtímanum, gera hana ásættanlega á þann hátt sem aristótelísk siðfræði hefur reynst vera, burtséð frá tengslum siðfræði og frumspeki. Hvað varðar fyrri spurninguna virðist sem stóumenn nútímans þurfi að taka stóuspeki fornanna til gagngerrar endurskoðunar, túlka hana á nýjan hátt í ljósi náttúruvísinda nútímans; hún hvíli á því sem best verður vitað um náttúruna.²⁴ Um seinni spurninguna má segja að grundvallaratriði hinnar fornu stóísku siðfræði eru iðulega milduð og jafnvel færð í aristótelískt horf. Það er afleitt fyrir stóíska siðfræði, því að helsti keppinautur hennar er — og var þegar í fornöld — aristótelísk siðfræði.²⁵

Markhyggja

Fornmenn spurðu hvernig lífinu skyldi lifað. Með spurningunni er átt við hvernig manneskja verði sem best og lifi þess vegna sem bestu lífi. Alltaf var svarið þannig að sú manneskja sé best sem hafi til að bera mannkosti, sem við köllum iðulega dyggðir. Dyggðin er í raun aðeins ágæti manneskju sem manneskju; dyggð er besta ástand hennar, en ekki endilega fylgispekt við boð og bönn. Að sama skapi er löstur slæmt ástand hennar. Nú er manneskjan hluti náttúrunnar rétt eins og aðrir náttúrugripir, sem einnig geta verið í góðu eða

²¹ Finna má hliðstæða og skýra greinargerð fyrir landslagi nútímastóuspeki þar sem drepð er á mörg þau atriði sem hér eru til umfjöllunar hjá Christopher Gill, „Stoic Themes in Contemporary Anglo-American Ethics“, ritstj. John Sellars, *The Routledge Handbook of the Stoic Tradition*, Lundúnum: Routledge, 2016, bls. 346–359. Afstaða Gills er þó frábrugðin þeirri sem hér má lesa, enda er hann einn aðstandenda vefsíðunnar modernstoicism.com og því hallur undir nútímastóuspeki. Í sama safnríti má sjá greinargerð um stóuspeki og franska nútímaheimspeki: Thomas Bénatouil, „Stoicism and Twentieth-Century French Philosophy“, ritstj. John Sellars, *The Routledge Handbook of the Stoic Tradition*, Lundúnum: Routledge, 2016, bls. 360–373.

²² Sjá Julia Annas, *The Morality of Happiness*, New York: Oxford University Press, 1993.

²³ Fyrstur til að gagnrýna hugmynd Annas var J. Cooper, „Eudaimonism and the Appeal to Nature in the Morality of Happiness: Comments on Julia Annas' *Morality of Happiness*“, *Philosophy and Phenomenological Research* 55:3/1995, bls. 587–598. Hún svarar á sama vettvangi og í sama tölublaði, „Reply to Cooper“, bls. 599–610. Sem að ofan segir hafna flestir tilraun Annas; tengslin á milli siðfræði og frumspeki stóuspekinnar er fimlega rakin í grein eftir Giselu Striker, „Following Nature: A Study in Stoic Ethics“, *Oxford Studies in Ancient Philosophy* 9/1991, bls. 1–73.

²⁴ Þetta er grunnforsenda hjá Becker í bók sinni *A New Stoicism*. Hann heldur því fram að stóíska siðfræði megi leiða af náttúruvísindum nútímans.

²⁵ Um tengslin á milli aristótelískrar og stóískrar siðfræði í fornöld, sjá neðanmálsgrein 9 að framan.

slæmu ástandi. Þess vegna var besta ástand þeirra fullkomnun á náttúru þeirra. Öll siðfræði fornanna er náttúruhyggja.²⁶ Fornmenn kölluðu það farsæld (gr. *evdæmonía*) að lifa hinu besta mögulega lífi. Nauðsynlegt skilyrði þess var að búa yfir dyggð, ágæti. Stóumenn töldu það einnig nægjanlegt skilyrði en Aristóteles þvertók fyrir það; fleira þyrfti að koma til, ekki síst gott uppeldi og ytri gæði, og kannski það sem á seinni tímum hefur kallast siðferðileg heppni.²⁷ Sú grundvallarskoðun einkennir siðfræði fornaldar, a.m.k. frá og með Aristótelesi, að farsældin sé markmið sem maður annaðhvort hljóti eða eigi að stefna á. Þetta verður framvegis markhyggja allrar fornrar siðfræði. En þessi markhyggja getur verið af ólíkum toga. Markmiðið, sem allir náttúrugripir eru gæddir, getur tilheyrt gripnum eðlis hans sjálfs vegna en ekki endilega vegna þess að hann sé hannaður með tiltekið markmið í huga. Samkvæmt Aristótelesi eru náttúrugripir ekki hannaðir, enda kemur guð ekki nærri, þótt hann sé upphafleg orsök allrar breytingar. Samkvæmt stóumönnum er heimurinn allur, og manneskjan líka, hannaður með markmið hönnuðarins í huga. Þessi hönnuður er guð, sem þeir kölluðu líka skynsemi og náttúru. Reyndar ganga þeir lengra, því að þeir líta svo á að allur heimurinn sé hannaður með manneskjuna í huga. Markhyggja Aristótelesar og stóumanna er því ólík; hjá Aristótelesi er markmiðið að finna í eðli gripsins, sem er ekki hannaður, en hjá stóumönnum er heimurinn hannaður og dregur markmiðið dóm af því. Þetta markmið stóumanna var að lifa í samræmi við náttúruna, sem einnig má skilja sem skynsemi heimsins. Athugum hvernig stóumenn samtímans bregðast við markhyggju hinna fornu.

Kenningin var að heimurinn búi yfir skynsemi, sé skynsamlega hannaður með tilgang í huga, sem sé algerlega góður. Í stuttu máli: guðleg og skynsamleg forsjón ræður öllu til hins besta. Þessi kenning — og aðrar álíka kenningar — hafa átt erfitt uppdráttar síðustu aldirnar, bæði sem kenning um alheiminn og sem kenning um manninn og stöðu hans í alheiminum. Hvernig bregst nútíma-stóuspeki við? Almennt er kennisetningunni hafnað. Becker og Pigliucci telja báðir að endurtúlka megi stóíska frumspeki hinna fornu þannig að við skiljum ekki náttúruna eftir forna skilningnum heldur skilningi nútímavísinda og samþykkjum það sem náttúruvísindin hverju sinni hafa fram að færa. Þannig megi skipta stóískri frumspeki og náttúrufræði út fyrir raunvísindi samtímans. Pigliucci nálgast málið á einfaldan hátt: „... svo virðist sem ágreiningur okkar [þ.e. hans og stóumanna fornu] um frumspeki breyti litlu um það sem við höldum vera mikilvægt í lífinu eða hvernig við breytum gagnvart náunganum.“²⁸

Hinir fornu stóumenn töldu heiminn gæddan skynsemi. Þessi skynsemi heimsins ræður því markmiði sem við mannlegar verur ættum að stefna að, sem fyrr segir, en það er að „lifa í samræmi við náttúruna“, eins og þeir orðuðu það, en þessi náttúra er í raun skynsemin í heiminum og þá jafnframt það besta

²⁶ Um náttúruhyggju innan siðfræði fornanna, og einkum stóumanna, sjá Svavar Hrafn Svavarsson, „Stóísk siðfræði og náttúruhyggja“, *Hugur* 23/2011, bls. 57–74. Þar er einnig fjallað um meginatriði stóískrar siðfræði.

²⁷ Um það fyrirbæri, sjá Bernard Williams, *Moral Luck*, Cambridge: Cambridge University Press, 1981, bls. 20–39. Rétt er að geta þess að fylgismenn Epikúrosar héldu einnig að dyggðir væru nauðsynlegar fyrir farsæld, en þó aðeins sem tæki, því farsældin sjálf væri ánægja (en mesta ánægjan væri hugarró).

²⁸ Pigliucci, *How to Be a Stoic*, bls. 89.

í heiminum og birtist sem dyggð í manneskjunni. Hvað þýðir það í samtímanum — gæti maður spurt — að lifa í samræmi við náttúruna? Aftur virðast nútímastóuspekingar endurtúlka þessa lýsingu hinna fornu. Tédur nútímastóumenn, Becker og Pigliucci, leggja til að við ættum að skilja kennisetninguna þannig að hvatt væri til þess að lifa í samræmi við bestu vísindalegu upplýsingar okkar um náttúruna, enda hefur frumspeki fornanna verið hafnað. Kosturinn við þessa nálgun er sá að þá gæti siðfræðin byggst á nútímavísindum. Þannig er hægt að halda í siðferðilega náttúruhyggju sem er einkenni á allri siðfræði fornaldar, eins og Becker vill, enda reynir hann að sýna fram á að stóísk siðfræði sé einmitt í samræmi við skilning nútímans á náttúrunni.²⁹ Hér á ég við þá hugsun að siðferðilegir eiginleikar séu náttúrulegir eiginleikar, enda sé enginn sá munur til, sem við gerum mörg hver að minnsta kosti, á milli staðreynda og gilda. Ýmsir samtímaheimspekingar hafa reynt að fara hliðstæða leið en venjulegast leitað til Aristótelesar frekar en stóumanna.³⁰ Þetta var dæmi um grundvallaratriði í stóuspeki fornaldar sem nútímastóumenn samþykkja ekki án grundvallarfyrirvara og mikilla breytinga. Enda er ekki von á öðru.

Því má bæta við að Becker færir rök fyrir máli sínu, rök sem búa að baki allri tilraun hans til að endurvekja stóuspeki í samtímanum. Í vissum skilningi hafnar hann ekki stóískri frumspeki, heldur leggur hann til að við ímyndum okkur að stóuspekin sjálf hefði tekið þessum eða ámóta breytingum ef hún hefði þróast óslitið frá fornöld, þ.e. tekið mið af bestu fánlegu vísindalegu upplýsingum hverju sinni. Hugmyndin er því sú að nauðsynlegar breytingar á stóískri heimspeki og heimssýn séu fyllilega réttmætar. Pigliucci og flestum öðrum sem horfa til stóuspeki sem lífsmáta og „meðferðarspeki“ sýnist mér hins vegar finnast sem þessi grundvöllur skipti í raun engu máli fyrir þá stóísku siðfræði sem hafi raunverulegt gildi fyrir samtímann.

Tvískipting og örlagaþyggja

Víkjum að siðfræðinni og veltum því fyrir okkur hvort hér sé einnig þörf á breytingum. Ég nefni þrjú atriði. Hjá stóumönnunum fornu var gerður greinarmunur á því sem er á valdi manns og því sem er ekki á valdi manns. Þannig hefst *Handbókin* eftir Epiktetos: „Sumt í þessum heimi er á valdi voru, en annað ekki. Hugmyndir, fýsnir, ílöngun og andúð eru á valdi voru; í fám orðum sagt, allt, sem er vort eigið verk. Líkami vor, fjármunir, virðing og sýsla eru ekki á valdi voru; í fám orðum sagt, allt, sem er ekki vort eigið verk.“³¹ Hamingja mannsins veltur á skilningi hans á þessum greinarmuni. Þessi hugsun er kannski þekktust úr æðruleysisbæn A.A.-samtakanna: „Guð, gef mér æðruleysi til að setta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get breytt og visku til að greina þar á milli.“ Ýmsir fallast enn á sannleika þessa viðhorfs, þar á meðal nútímastóumenn, enda virðist ýmislegt vera til í því. Hins

²⁹ Þetta er djörf tilraun hjá Becker; hann horfir einkum til hugmynda stóumanna um eignun (gr. *oikeiosis*); sjá *A New Stoicism*, bls. 56–59.

³⁰ Sjá t.d. John H. McDowell, *Mind and World*, Cambridge, Mass.: Harvard University Press, 1996.

³¹ Epiktet, *Handbók: Hver er sinnar gafu smíður*, þýð. Broddi Jóhannesson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1955, bls. 5.

vegar er stóísk siðfræði þéttriðið net skoðana, þar sem ein kennisetning veltur á öðrum sem er ekki endilega að finna innan siðfræðinnar sjálfrar. Það er ekki aðeins þannig að við ættum að setta okkur við að margt sem gerist er ekki á valdi okkar, heldur ættum við að viðurkenna og hafa hugfast að hvað sem gerðist hlaut að gerast, að gefnum öllum þeim orsökum sem þjuggu að baki; í þeim skilningi er það ekki á valdi okkar. Þetta viðhorf til greinarmunarins er því nátengt örlagahyggju stóumanna; að hvað sem gerist hljóti að gerast, enda órofa orsakasamhengi milli alls. Það eina sem maðurinn hefur í raun á sínu valdi er viðhorf hans til heimsins og þeir dómur um heiminn sem hann fellir; hér er hann sjálfráða, en að öðru leyti ekki. Maðurinn ætti að horfast rólegur í augu við heiminn eins og hann er, enda hljóti hann að vera eins og hann er, rétt eins og hann sjálfur hljóti að gera það sem hann gerir. Vissulega gerir hann sitt besta og reynir kannski að breyta vel, í samræmi við viðhorf sín og alla skaphöfn, þar sem hann er frjáls, enda veit hann ekki fyrir fram hvernig staða mála verður og breytni hans, sem hlýst af viðhorfum hans, er hluti orsakasamhengisins; örlögin starfa líka í gegnum hann. En eftir stendur að það er alltaf jafntilgangslaust að óska sér að heimurinn sé öðruvísi en hann er. Jafnframt ætti maður að hafa í huga að örlögin sjálf eru skynsamlega mótuð til heilla fyrir manninn.³² Þeir nútímastóuspekingar sem hér er stuðst við bregðast við á ólíkan hátt. Pigliucci virðist einfaldlega líta fram hjá stóískri örlagahyggju í umfjöllun sinni um tvískiptinguna.³³ Það gerir Becker alls ekki, enda virðist hann verja örlagahyggjuna og setta við mannlega ábyrgð að hætti stóumanna (þótt hann viðurkenni ýmis vandamál), nema hvað því er alfarið hafnað að örlögin hafi markmið sem sé skynsamlegt og gott, og hverfist á endanum um manninn.³⁴

Tilfinningar

Annað atriðið varðar skoðanir stóumanna á kennda- og tilfinningalífi mannsins. Það er hér sem meðferðarþáttur nútímastóuspeki stendur vel að vígi. Ef við eigum við sálarkvilla að stríða, segir stóuspekin í svo mörgum orðum, sem spretta af ytri aðstæðum sem við ráðum ekki við, er það (hugsanlega fyrst og fremst, alltént að töluverðu leyti) viðhorfum okkar til ytri heimsins að kenna að við þjáumst. Epiktetos sagði: „Ekki eru það atburðirnir sjálfir, sem áhyggjum valda, heldur horf manna við þeim.“³⁵ Kenningar hinna fornu stóumanna voru nokkuð öfgakenndar, því þeir héldu að ekkert sem gerðist væri í rauninni

³² Örlagahyggja stóumanna er djúpsæ tilraun til að skilja stöðu mannsins í heimi sem virðist alfarið ofurseldur ópersónulegu orsakasamhengi. Stóumenn hafna vissulega frjálsum vilja í þeim skilningi að þeir líta svo á að einstaklingurinn hefði ekki getað gert eitthvað annað en nákvæmlega það sem hann gerði, að öllu óbreyttu. Þeir gerðu eigi að síður ráð fyrir mannlegri ábyrgð, því að maðurinn sé sjálfráða í viðhorfum sínum, og jafnframt leiði viðhorf hans til breytni sem aftur er hluti af orsakasamhengi heimsins. Þess vegna beri maður ábyrgð á gerðum sínum. Þeir vildu því setta örlagahyggju og mannlega ábyrgð. Ærið margt hefur verið ritað um stóíska örlagahyggju og skoðanir stóumanna á mannlegri ábyrgð, enda eru heimildirnar tyrfnar og viðfangsefnið flókið. Hún var gagnrýnd frá fyrstu tíð. Frumtextana, með skýringum, má lesa hjá A.A. Long og D.N. Sedley, *The Hellenistic Philosophers*, 1. hefti, Cambridge: Cambridge University Press, 1987, bls. 333–343 og 386–394.

³³ Pigliucci, *How to Be a Stoic*, bls. 33. Hann virðist túlka tvískiptingu stóumanna sem þrískiptingu áhrifa okkar á heiminn, þar sem við getum með vali okkar haft áhrif á sumt en annað ekki. Það er umdeilanlegt hvort þessi þrískipting sé fyllilega samrýmanleg tvískiptingu stóumanna.

³⁴ Sjá Becker, *A New Stoicism*, bls. 11, 59–68.

³⁵ Epiktet, *Handbók*, bls. 11.

slæmt, heldur gerðu ósönn viðhorf okkar til atburðanna okkur erfitt fyrir og kæmu okkur úr jafnvægi. Tilfinningaleg viðbrögð væru iðulega dæmi um afleiðingar af ósönnnum dómum um veruleikann. Það væri rangt að eigna hinum fornu stóumönnum þá hugmynd að manneskjan ætti að vera alfarið án tilfinninga, því þeir töldu að til væri gott tilfinningalegt ástand, sem beinist að raunverulegum gæðum (þ.e. dyggðum) og er eftirsóknarvert og einkennandi fyrir hinn farsæla. Hins vegar virðast stóumennirnir fornu eigi að síður hafa lagt til að það sem við alla jafnan köllum tilfinningar, t.d. reiði og sorg, ætti að uppræta, enda væri um að ræða vitsmunaleg mistök. Þessi afstaða þeirra byggist á þeirri kenningu að skynsemi og tilfinningar séu ekki ólík og aðskilin fyrirbæri, heldur sé sálin ein heild sem búi yfir skynsemi og stjórninni mannum. Þessi sýn er mjög ólík sýn Aristótelesar, sem aðgreinir skynsemi og tilfinningar. Samkvæmt honum getur skynsemin haft mótandi áhrif á tilfinningar, sem ekki beri að uppræta heldur temja. Þannig sé t.d. eðlilegt að reiðast og syrgja, en öllu skipti að gera það á viðeigandi hátt. Fæstir nútímamanna taka undir afstöðu stóumanna fornu og vilja flestir nálgast Aristóteles.³⁶ Hins vegar hafa ýmsir reynt að nota stóisku hugmyndina um hlut okkar sjálfra í mati á atburðum sem þátt í meðferð gegn ýmsum kvillum og óæskilegri geðshræringu, eins og til dæmis reiði eða sorg, sem aldrei skyldi ná tökum á okkur. En nútímastóumenn þurfa að milda afdráttarlausar skoðanir fornmannanna, sem er ekki að furða, enda hófu heimspekingar þegar í fornöld að milda kenningar elstu stóumanna.

Dyggð, farsæld og ytri gæði

Þriðja atriðið varðar loks þá kenningu stóumanna að farsæld manns sé *alfarið* undir manni sjálfum komin og skipti ekkert annað nokkru máli. Menntun og fyrri störf, ytri gæði, hömlun ýmiss konar, skipta engu máli fyrir farsæld manns. Sem fyrr segir var þessu viðhorfi iðulega stefnt gegn þeirri skoðun Aristótelesar að ytri gæði almennt skiptu vissulega máli, þótt dyggð og hyggindi skiptu mestu máli, en til þess að öðlast dyggð og hyggindi þyrfti einmitt ytri gæði. Hugmynd stóumanna hvílir á þeirri skoðun þeirra að ytri gæði séu aldrei undir okkur sjálfum komin, enda höfum við ekki vald yfir þeim. Hins vegar höfnuðu þeir ekki alfarið ytri gæðum Aristótelesar, heldur skilgreindu þau sem flokk hluta sem væru ákjósanlegir en breyttu engu fyrir farsældina; þau væru því í raun hlutlaus. Margir stóumenn nútímans virðast samþykkja kjarnann í þessari hugmynd hinna fornu stóumanna.³⁷ Eigi að síður skirrast þeir við að taka afdráttarlausu afstöðu með þeim. Til dæmis eiga þeir bággt með að samþykkja þá skoðun að missir ástvina hafi engin áhrif á farsæld eða að manneskjur geti verið farsælar án vináttu.³⁸ Jafnvel Becker, sem reynir höfunda mest að fylgja hugmyndum stóumanna fornu, viðurkennir að uppfylla þurfi lágmark ytri gæða, en vill

³⁶ Sjá t.d. Becker, *A New Stoicism*, bls. 98, 109, 145; og Sherman, *Stoic Warriors*, k. 4–6, sem virðist hallast mjög að hinni aristótelísku sýn.

³⁷ Sjá Becker, *A New Stoicism*, bls. 138–149; Pigliucci, *How to be a Stoic*, bls. 74–77.

³⁸ Þessa sjást mörg dæmi, t.d. hjá Sherman, *Stoic Warriors*, k. 6–7. Ritýrnir bendir réttilega á að rómverski stóuspekingurinn Seneca hafi reynt að milda skoðun eldri stóumanna á mikilvægi vináttu.

meina að Aristóteles hafi annað og meira í huga; hins vegar skilgreinir hann ekki þetta lágmark.³⁹ Aftur virðist kenning stóumanna milduð. Þessari deilu fornanna hafa oft verið gerð skil. Nýverið hefur henni verið komið fyrir innan þeirra samtímafræða sem kalla má hamingjurannsóknir.⁴⁰ Þannig færir Daniel Russell rök fyrir því að hamingja sé best skilin að hætti fornanna sem farsæld. Þá vakni spurningin um hvort þessa farsæld skuli nálgast eftir aristótelískum eða stóískum leiðum. Muninn skýrir hann á þá leið að með aristótelískum skilningi sé gert ráð fyrir að manneskjur séu ávallt háðar umhverfi sínu, aðstæðum og tíma í víðum skilningi, en í stóuspeki sé reynt að hefja skilyrði farsældar yfir allt umhverfi, enda hefti umhverfið möguleikana á farsæld.⁴¹

Lokaorð

Má draga ályktanir af þessum samanburði á aristótelískri og stóískri siðfræði í samtímanum? Koma þessara kenninga, aristótelískrar og stóískrar, inn í siðfræði samtímans er ljóslega tvenns konar, sem og staða þeirra. Þó vaknar grunur um eitt: Aristótelísk siðfræði nútímans hvílir örugglega á fornri sýn Aristótelesar á manninn sem siðferðisveru; hér er ekki haggð við grundvallaratriðum. Stóísk nútímansiðfræði þarf hins vegar að bylta sýn hinna fornu stóumanna á manninn sem siðferðisveru og stöðu hans innan heimsins, þó að varðveittir séu ýmsir þættir. Aristótelískir dyggðasiðfræðingar samtímans samþykkja sýn Aristótelesar á manninn sem náttúrulegt fyrirbæri og aristótelíska náttúrufræði að svo miklu leyti sem hún býr að baki siðfræðinni, þótt flestu öðru sé hafnað. Til dæmis er aristótelísk markhyggja iðulega samþykkt að mestu leyti, ólíkt stóískri markhyggju. Stóískir dyggðasiðfræðingar milda iðulega kenningu fornanna og sveigjast stundum í átt að Aristótelesi. Það sem eftir stendur og hefur haft langmest áhrif er stóuspeki sem heimspеki sjálfshjálpar og meðferðar. Sem slík stendur hún vel að vígi, að því er virðist, en er þó býsna frábrugðin því sem við eignum iðulega siðfræðinni, þ. á m. fornri stóískri siðfræði, sem er ígrundun um gott líf og rétta breytni, frekar en einbera hugarró.⁴²

³⁹ Sjá Becker, *A New Stoicism*, bls. 127–128.

⁴⁰ Sjá Russell, *Happiness for Humans*. „Hamingjurannsóknir“ er regnhlífur fyrir rannsóknir ólíkra fræðigreina á hamingju, t.d. innan sálfræði (svonefnd jákvæð sálfræði), hagfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði og heimspеki.

⁴¹ Hann kallar aristótelískan skilning líkamlegan skilning á sjálfinu og andlegri velferð; sjá Russell, *Happiness for Humans*, k. 9–10. Sjálfur hallast hann að aristótelískum skilningi, eins og flestir virðast raunar gera.

⁴² Bestu þakkir til Ellerts Björgvins Schram, meistaranema í heimspеki, sem aðstoðaði mig við að skilja viðhorf nútímastóuspeki, ekki síst þeirrar sem finna má víða í netheimum, og til tveggja ritrýna tímaritsins sem bættu greinina með gagnlegum ábendingum.